

**Nd.** **108. Frumvarp til laga** [88. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Hinn 1. janúar 1963 fellur úr gildi 10. gr. laganna.

Allar bætur skulu frá sama tíma greiddar samkvæmt ákvæðum laganna um bætur á 1. verðlagssvæði.

Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á aðrar reglur laganna en þær, er snerta bætur, iðgjöld og framlög.

2. gr.

Við skiptingu framlags sveitarfélaga á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga árið 1963, skal áætla útgjöld lífeyristrygginga í hverju umdæmi, sem var á öðru verðlagssvæði árið 1962, miðað við að þau hefðu þá verið á fyrsta verðlagssvæði.

3. gr.

Ellilífeyrir skv. 13. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, svo og örorkulífeyrir skv. 14. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum, lög nr. 86 28. desember 1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, svo og lög nr. 95 8. desember 1961, um hækkun á bótum almannatrygginga, skal hækka um 7% frá 1. júní 1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem starfar að heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar og Emil Jónsson, félagsmálaráðherra, skipaði hinn 12. september 1960.

Í nefndinni eru: Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri.

Þar eð heildarendurskoðun laganna um almannatryggingar er enn eigi lokið, svo að frumvarp til heildarlaga getur ekki legið fyrir nú fyrir áramótin, en nefndin hefur hins vegar orðið sammála um veigamiklar breytingar á lögnum, sem hún leggur til, að komi til framkvæmda nú þegar og 1. janúar n. k., hefur nefndin samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, um bráðabirgðabreyting á lögnum um almannatryggingar.

Í frumvarpinu eru tvær breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til, að verðlagssvæðaskipting landsins í 1. og 2. verðlagssvæði verði felld úr gildi og að bætur almannatrygginga verði frá 1. janúar hinar sömu eins og þær eru á 1. verðlagssvæði hvar-

vetna í landinu. Engar skýrslur liggja fyrir um það, að verðlag sé lægra á einum stað í landinu en öðrum, og engar ástæður eru til þess að ætla, að svo sé.

Í raun og veru er því enginn grundvöllur fyrir slíkri skiptingu landsins í verðlagssvæði, sem verið hefur í gildi frá 1946. Við endurskoðun þá, sem fram fór á almannatryggingalögum, þegar lög nr. 24/1956 voru sett, var mjög rætt um afnám verðlagssvæðanna. Þá lágu hins vegar fyrir neikvæðar afstöður flestra sveitarfélaga til málsins, svo að ekki þótti þá ráðlegt að knýja þessa breytingu fram gegn vilja mikils þorra sveitarfélaganna. Nú hafa verið sett ný lög um tekjustofna sveitarfélaga, sem mjög hafa bætt fjárhagslega afkomu þeirra, svo að eigi þykir ástæða til, vegna þeirra, að fresta lengur þeirri leiðréttingu gagnvart bótaþegum, sem felst í frumvarpinu um afnám verðlagssvæðanna.

Í öðru lagi hafa laun opinberra starfsmanna nú verið hækkuð um 7% frá 1. júní 1962. Þeirri reglu hefur ætíð verið fylgt um elli- og örorkulífeyri, að hann hefur hækkað í sama hlutfalli og frá sama tíma og launagreiðslur til þeirra starfsmanna hins opinbera, sem lægst laun hafa haft. Er því lagt til í frumvarpinu, að elli- og örorkulífeyrir hækki frá 1. júní 1962 um 7%.

Enn er í athugun hjá nefndinni hlutfallið milli hinna ýmsu annarra bótagænda almannatrygginganna með tilliti til betra samræmis en nú er. Þykir því ekki tímabært að svo stöddu að haggja við þeim bótagreiðslum. Áður hafa líka þær hækkunarir, sem orðið hafa á launum opinberra starfsmanna í sumum tilfellum verið takmarkaðar við aðalbæturnar, nefnilega elli- og örorkulífeyri.

Á fylgiskjali því, sem fylgir frumvarpinu, er gerð grein fyrir þeim kostnaði, sem frumvarp þetta hefur í för með sér, ef að lögum verður, og visast til þeirrar greinargerðar.

### Fylgiskjal.

#### Útgjaldaaukning lífeyrstrygginga 1963 vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar.

	7% bótahækkun Millj. kr.	Verðlagssvæðabreyting Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Ellilífeyrir .....	13.7	24.8	38.5
Örorkulífeyrir .....	3.5	5.2	8.7
Örorkustyrkir .....	0.2	0.2	0.4
Barnalífeyrir óekr. ..	—	2.6	2.6
Mæðralaun .....	—	0.7	0.7
Ekkjubætur og lífeyrir	0.2	0.4	0.6
Varasjóðstillag .....	0.4	0.7	1.1
Samtals	18.0	34.6	52.6

#### Útgjöld þessi skiptast:

Ríkissjóður .....	kr. 18.9 millj.
Hinir tryggðu .....	— 16.8 —
Sveitarsjóðir .....	— 9.5 —
Atvinnurekendur .....	— 7.4 —

Samt., kr. 52.6 —